



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á fjölskylduhátíð á Sauðárkróki
í opinberri heimsókn
til Skagafjarðar
14. apríl 2008**

Ágætu Skagfirðingar,
sýslumaður, sveitarstjórnir.
Góðir gestir.

Á ferð okkar Dorrit fyrr í dag hefur sagan og menningin, sveitin og sjórinn minnt okkur á hve ríkulega fólkið sem ól hér sinn aldur hefur mótað sjálfsvitund Íslendinga. Örlög Skagafjarðar hafa verið að fóstura hetjur og hagyrðinga, alþýðuskáld og andans jöfra, athafnamenn og sjósóknara, leiðtoga sem allt frá tíð Fjölnismanna hafa sett sterkan svip á það Ísland sem við nú njótum.

Um aldir var hér annar höfuðstaður þegar Hólar kölluðust á við Skálholt; biskupar og lærdómsmenn ræktuðu kristindóminn sem Íslendingar gerðu að sínum, klæddu boðskap í fagran búning móðurmáls, ortu sálma, stofnuðu prentsmiðju, hina fyrstu í sögu landsins; Biblían við Guðbrand kennd ætíð síðan dýrgripur þjóðarinnar.

Það sýnir samhengið í langri sögu Skagafjarðar og hina næmu taug sem hér hefur titrað að enn á okkar dögum þegar fjölskyldur, vinir og samstarfsmenn kveðja látna hljómi sálmur Kolbeins Tumasonar sem hann orti helsár eftir vopnaglamur í Víðinesi fyrir átta öldum:

Heyr himnasmiður
hvers skáldið biður
komi mjúk til mín
miskunnin þín.

Skáldin og Skagafjörður; um þau tengsl mætti halda margar ræður, merkilegt hvernig fjöllin og fjörðurinn, vötn og akrar, djúpir dalir, ávalar hæðir hafa kveikt innblástur í brjósti þeirra sem prýddu skagfirskan skáldabekk: Vatnsenda-Rósa og Bólu-Hjálmar, Stephan G. Stephansson og Hannes Pétursson, Gyrðir Elíasson, Indriði G. Þorsteinsson á okkar tímum. Kannski hjálpaði sveitardvölin í Skagafirði Arnaldi syni míns gamla vinar, Indriða, að verða sá höfundur íslenskur sem nú er mest lesinn hér heima og í öðrum löndum.

Alþýða manna hefur verið skáldum Skagafjarðar mikilvæg því viðurkenning hinna lærðu lét oft á sér standa. Því kynntist Bólu-Hjálmar á erfiðri ævi. Reyndar kom það svo í hlut Hannesar Hafstein, fyrsta ráðherra Íslands, að kenna ungur þjóðinni að meta Hjálmar, þegar hann ritaði formála að fyrstu veglegu útgáfunni á verkum hans. Þar sagði Hannes að „sagan af Hjálmari væri að miklum hluta saga um basl og stímabrák, sult og seyru, þrældóm og þvingun meðfæddra krapta, og algjörðan skort á öllu, sem þarf til þess að fullnægja frekum og stórstígum anda.“ Kristján Eldjárn, hinn merki forseti okkar Íslendinga og fræðimaður lýsti svo ævistríði Bólu-Hjálmars: „Veraldarsaga Hjálmars Jónssonar er í einu orði sagt saga hins snauða íslenska kotbónda fyrri alda. Hún er öreigasaga frá upphafi til enda. Lífsbarátta hans var eins og sú sem þúsundir hans líka háðu um landið allt, ævilangt návígi við fátækt og skort.“

Ekki er síður forvitnileg sagan af Níelsi skálda, vinnumanni og bónda í Skagafirði, sem óhræddur dæmdi helstu andans menn, gekk í fússi burt undir lestri Passíusálma með þessum orðum: „Ég þoli ekki að heyra guðlastið í honum Hallgrími.“ Sagði hins vegar við káta skólapilta sem niðrandi kváðu Jónas Hallgrímsson ekki annað en hagyrðing: „Hann er meira, hann er skáld, mannskrattinn.“ Ævi Níelsar var ekki ætíð auðveld enda kaus Símon Dalaskáld að hallmæla kvonfangi hans í erfiljóði:

Giftist ungur gribbu hann,
grimmur hófst þá vandi,
tólf og árin vera vann
vöndu í hjónabandi.

Það sýnir hve vel heima forsetaskrifstofan er í skáldskap og sögu Skagafjarðar að skrifstofustjóri minn, dr. Árni Sigurjónsson, skuli hafa skrifað lærða ritgerð um Níels skálda, og forsetaritarinn, Örnólfur Thorsson, sé einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar í Gretti Ásmundarsyni, hinni fornu hetju Skagafjarðar. Örnólfur skrifaði formála að enskri gerð sögunnar sem kom út hjá hinu heimsþekktu forlagi Penguin, enda lærður

vel í fornum sögum þótt Páll Pétursson, fyrrum þingmaður ykkar Skagfirðinga og líka Húnvetninga, hafi talið nauðsynlegt að minna á í löngu bréfi til hans fyrir tutugu árum að Örnólfur væri heldur hallur undir Sturlunga; ekki mætti draga úr vegsemd Ásbirninga. Slíkur halli mun réttast af á vegferð okkar um Skagafjörð; en á morgun verður farið hjá Víðimýri.

Hinar fornu hetjur eru enn uppspretta nýrrar listar. Ópera um Gretti var fyrir fáeinum árum frumflutt í höfuðvígi Wagners, Bayereuth í Þýskalandi. Höfundurinn, Þorkell Sigurbjörnsson, samdi líka hið fagra lag við sálm Kolbeins Tumasonar. Við eigum í Grettis sögu fjársjóð sem nýst getur vel, ekki aðeins skáldum og listamönnum eins og ljóð eftir Matthías Jochumsson og Hannes Pétursson bera fagurt vitni, heldur einnig sem grundvöllur að öflugri þjónustu við ferðamenn, fólkið sem hingað kemur um langan veg, margt frá fjarlægum löndum til að feta slóðir Grettis, vill helst fara í Drangey og baða sig í Grettislauginni á Reykjum, öðlast náin tengsl við hetjusögu sem einstök er í bókmenntum heimsins.

Hinn mikli sagnaarfur Skagafjarðar, Sturlunga og aðrar sögur, eru og verða okkur ríkulegur efniviður til að styrkja og efla móðurmálið, klæða náttúruna í frásagnarbúning, tengja bæi, fjöll og velli við örlög þeirra sem hér voru forðum.

Æ fleiri byggðarlög vítt og breitt um landið allt hafa að undanfögnu sótt í fornan sagnasjóð til að breikka grundvöll ferðamennsku, skapa atvinnu með nýjum hætti, efla hag heimabyggðar. Slík viðleitni fellur vel að hefðum sjávarútvegs og landbúnaðar, atvinnugreina sem hafa verið og eru enn burðarásar í velferð og hagsæld Íslendinga.

Það var fróðlegt fyrr í dag að sitja málþing um framtíð atvinnulífs í Skagafirði, kynnast hugmyndum um tækifæri og sóknaranda fólksins sem vinnur á vettvangi fyrirtækja. Þar fór saman dýrmæt reynsla, víðtæk menntun, hugmyndaauðgi; bjartsýnin greinilega veganestið.

Sama gildi um heimsókn okkar í Verið – vísindagarða, þar sem fjölbreytt þróunarstarf setur svip á daglega önn, tengingin skýr við Háskólann á Hólum; fræðileg þekking á fiskeldi og líffræði í fyrirrúmi.

Skemmtilegar samræður við starfsfólkið í fiskvinnslunni, innsýnin sem við fengum í fyrirtækið sem nú heitir á heimsmáli FISK Seafood bar þess glöggt vitni að útgerð og verkun sjávarafra eru enn sterkir strengir í atvinnulífi Sauðárkróks. Breytingin er kannski sú að áður voru annir til sjávar og sveita í föstum skorðum en nú hefur Skagafjörður öðlast öflugar menntastofnanir og rannsóknasetur sem huga að þróun á komandi tíð;

lærdómsmenn taka höndum saman við þá sem sinna framleiðslunni. Það er samstaða og gagnkvæmur stuðningur ólíkra greina sem hér hafa mótað öflugan byggð, fært nýjum kynslóðum heimanmund.

Vísindin á Sauðárkróki og Háskólinn á Hólum eru vitnisburður um nýja tíma, tækifærin sem blasa við. Það er reyndar skemmtilegt hvernig Hólar sameina nú bændafræðslu, hið upprunalega erindi skólans, og menntun í fiskeldi, ferðamennsku og hrossarækt.

Þótt Sunnlendingar hafi á sínum tíma verið undrandi á ákvörðun þingmanns síns, og míns góða vinar, Guðna Ágústssonar, að gera Skagafjörð að miðstöð hestamennsku, sýndi sú ákvörðun bæði sjálfstæði og framsýni. Við Dorrit geymum góðar minningar frá heimsókninni á landsmót hestamanna að Vindheimamelum. Þá höfðum við Önnu Bretaprinsessu með í för. Ég er nokkuð stoltur af því að hafa komið þessari heimsfrægu hestakonu uppá íslenskan gæðing og Skagafjörður líklega eina héraðið sem svo konungleg tign hefur heimsótt til þess eins að hylla íslenska hestinn.

Reiðmennska úti í náttúrunni, ferðalög með félögum yfir fjöll og um dali dregur árlega þúsundir ferðamanna hingað til lands. Íslenski hesturinn er í senn sendiherra og þarfur þjónn; ótrúleg upplifun að sækja heimsmót helguð honum í öðrum löndum þar sem tugþúsundir erlendra aðdáenda koma saman.

Á morgun munum við hjónin heimsækja hestabúið að Flugumýri, fornfrægan stað þar sem synir og kona Gissurar Þorvaldssonar brunnu inni. Við verðum á leið heim að Hólum, hátíðlegt að koma á ný á hinn forna og nýja biskupsstól, minnst um leið hins góða prests, séra Bolla vígslubiskups sem nýlega kvaddi þennan heim. Reyndar höguðu örlögin því svo að annar öndvegisklerkur Skagafjarðar og merkur alþingismaður, séra Gunnar á Glaumbæ, var borinn til grafar á sömu dögum. Við minnumst þeirra með virðingu og þökk.

Í ræðu á Hólahátíð fyrir tveimur árum, á 900 hundruð ára afmæli biskupsstóls, rakti ég hvernig Hólar, hið forna setur og fyrrum höfuðstaður Norðurlands, hefðu fært okkur Íslendingum dýrmætt veganesti:

„Kristna trú, ríka tilbeiðslu og bæn, leiðarvísi um daglega breytni, siðalögmál, boðskap um kærleika til allra manna, fyrirmæli um breytni þjóða og íbúa í öllum álfum.

Sjálfstæði, hina dýru auðlind, vissuna um að meðal okkar býr afl og þróttur, að íslensk þjóð mun rísa hæst þegar hún sjálf ræður för – á höggstokknum lét biskup ei bugast.

Mikilvægi lærdómssetra, að þekkingin er gulls ígildi, að opna ber öllum greiða leið til aukins þroska, að valdastóll án öflugs skóla nær aldrei miklum burðum.

Samskipti í allar áttir, að alþjóðleg hugsun og víðsýnn andi munu skila góðum hlut; að vera opin fyrir erlendum straumum og sækja hið besta til annarra landa og menningarsvæða, sjá kostina sem felast í frjóum tengslum við þjóðir heims; um aldir ríkti slík hugsun hér á biskupsstólnum.

Allt þetta kenna Hólar og fleira raunar:

Að menningin er afl til nýsköpunar, ekki staðlað form frá gömlum tíma; hún eflir og styrkir stöðu þjóða, gefur atvinnuvegum og efnahag æðra gildi og ríkara inntak; hún lifir þegar mölur og ryð hafa grandað fjármununum og valdsmenn deila handan grafar kjörum með kotungunum.

Að byggðirnar sem búa að sínu, treysta einkum á sjálfar sig, geta átt bjarta framtíð; Hólar, höfuðstaður Norðurlands í margar aldir, verða jafnan sönnun þess að hugurinn er öflugasta orkuverið, og endurnýjast öld af öld.

Að samhjálpin er skylda okkar, innblásin af kristnum anda og kirkjunnar vegferð, að rétta hjálparhönd, styðja aldraða, öryrkja, einstæðar mæður, fátæklinga, alla sem glíma við daglegan skort og mótlæti á lífsins braut. Slíkur var andinn hér á Hólum, aðal þess biskups sem góður var talinn.

Já, Hólar tala til okkar mörgum röddum; biskupsstóll með langa sögu, skýran boðskap, áherslur á framtíðina, verðmætin sem reynast munu heillavænleg, notadrjúg.“

Þessi boðskapur sem fluttur var á sögulegum tímamótum er leiðarvísir, ekki aðeins fyrir heimabyggð Skagfirðinga, heldur líka landið allt, okkar litlu þjóð sem lifir nú í breyttum heimi, tekst á við verkefni sem áður voru vart fyrir hendi, næsta ókunn þeim sem áður riðu um héruð.

Dagskrá okkar hjóna, heimsóknir á vettvang mennta og menningar, grunnskólana, leikskóla og Fjölbrautaskólann, samræður við nemendur og kennara, fróðleg innsýn sem við höfum fengið í atvinnulífið, kynnin af metnaði minjageirans og skóflustunga Dorritar að nýju húsi helguðu uppeldi og heilbrigðu lífi – allt er þetta í andanum sem ég tengdi áður við Hólastað.

Það verður líka gleðilegt að endurnýja á morgun fyrri kynni við sögusetur um Vesturfara sem lýsir metnaði og hugmyndaauðgi, er byggt á sannri hugsjón, einfaldri hugmynd sem orðið hefur að veruleika, nú burðarás í tengslum þjóðarinnar við frændfólk og vini í Vesturheimi, hundruð þúsunda afkomenda hins fátæka fólks sem héðan fór á 19. öld þegar eymin, harðræðið, hamfarir náttúrunnar höfðu hneppt byggðir í fjötra. Sumir indíánanna sem Íslendingarnir kynntust vestra lærðu jafnvel að tala ágæta íslensku auk síns móðurmáls. Góð er sagan af fræðimanni sem fór fyrir allnokkrum áratugum og hitti þar vörpulegan náunga sem talaði frábæra íslensku en hafði yfirbragð indíána. Landi okkar spurði í forundran: „Ert þú Íslendingur?“ Fékk umsvifalaust svarið: „Nei, ég er Skagfirðingur.“

Afkomendur landnemanna í Vesturheimi finna í ljóði Stephans G. Stephanssonar, Skagfirðings sem lengstum bjó við rætur Klettafjalla, tilfinningu sem einnig bærisk í brjóstum okkar hér heima, ljóðinu sem ég valdi til flutnings þegar mér var falin ábyrgð forseta Íslands við innsetningu í embættið:

Þó þú langförull legðir
sérhvert land undir fót,
bera hugur og hjarta
samt þíns heimalands mót

Við hrífumst kannski einna mest þegar skagfirskar raddir flytja það, söngvarar eða landsfrægur kór, listamenn sem njóta slíkrar hylli að jafnan fyllast öll samkomuhús þegar þeir birtast fyrir sunnan. Álftagerðisbræður, Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar njóta vinsælda um landið allt og Karlakórinn Heimir skipar sérstakan sess hjá Íslendingum.

Það er ógleymanlegt þegar kórfélagarnir lögðu á sig langt ferðalag á nýliðnum vetrardögum til að syngja á Bessastöðum þegar Dorrit afhenti menningarverðlaun landsbyggðarinnar, Eyrarrósina. Brást þeim félögum ekki gleðin þótt aðrir yrðu í það sinn verðlaunahafar enda í sjálfu sér góður árangur að vera tilnefndur til verðlaunanna. Í þetta sinn var það tónlistarhátíðin á Ísafirði „Aldrei fór ég suður“ sem hreppti Eyrarrósina en Heimisfélagar svöruðu að bragði: „Ja, við fórum þó að minnsta kosti suður.“

Já, kappið hefur löngum fylgt Skagfirðingum, fornum hetjum, Ásbirningum og Gretti sterka, skáldafjöld, knáum knöpum, forystufólki á menntasetrum og í atvinnulífi.

Það er einmitt slíkur andi sem reynast mun notadrjúgt veganesti og gaman að skynja í heimsókn okkar hvað hann lifir hér góðu lífi; hvarvetna sem við komum fundum við merki hans; því mikill gleðiauki að koma á ný á ykkar slóðir.

Við hjónin þökkum í senn hlýhug og vináttu í okkar garð, óskum ykkur allra heilla í fullvissu þess að gæfan muni áfram fylgja Skagfirðingum.